

SKÓLAVÁMSKRÁ



SKERJAGARÐUR

Efnisyfirlit

Leikskólinn Skerjagarður	4
Almennt um námskrá og áherslur	4
Menning og hefðir Skerjagarðs:	5
Gerð skólanámskrá Skerjagarðs	7
Börn og skólanámsskrá, aðkoma	7
Hugmyndafræði og áherslur í starfi	7
Reggio Emilia	7
Lev Wygotsky	7
John Dewey	8
Jean Piaget	8
Sýn á nám barna	8
Aðrar áherslur í starfi	9
Leikurinn	9
Flæði	10
Uppgötvunarnám	10
Könnunaraðferðin	11
Skráning	12
Tónlist og dans	12
Aðalnámsskrá leikskóla og menntastefna Reykjavíkur og barnasáttmálinn	12
Gildi Skerjagarðs	13
Gleði	13
Frumkvæði	13
Sköpun	13
Leiðarljós leikskólastarfsins	14
Grunnþættir menntunar	17
Samþætt og skapandi leikskólastarf	18
Læsi og samskipti	18
Heilbrigði og vellíðan	19
Sjálfbærni og vísindi	20
Sköpun og menning	22
Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi	23
Samstarf og samskipti	24
Stjórnun Skerjagarðs	25

Deildarstjórar og kennarar	26
Hlutverk kennara/ starfsfólks og samskipti við barnahópinn.....	26
Samstarf leikskóla og heimils.	27
Foreldrasamvinna.....	27
Markmið	27
Leiðir	27
Foreldrafélag	28
Stuðningur í Skerjagarði	28
Samstarf og tengsl milli skólastiga	29
Samstarf við nærumhverfi.....	29
Innra mat.....	30
Matsaðferðir innra mat	30
Einstaklingsmiðað mat:	31
Hópmiðað mat:.....	31
Mat barna	31
Lokaorð.....	32
Umsögn foreldarráðs.....	32
Heimildaskrá:.....	33

Leikskólinn Skerjagarður

Leikskólinn Skerjagarður Bauganesi 13 er sjálfstætt starfandi skóli og með þjónustusamning við Reykjavíkurborg, hann tók til starfa 1.apríl 2003. Áður var starfræktur einkarekinn leikskóli í þessu sama húsnæði frá árinu 1989. Eigendaskipti urðu á leikskólanum Skerjagarði í ágúst 2015. Rekstraraðilar eru Söldís Harðardóttir leikskólakennari og Þórbjörn Sigurðsson.

Stjórnendur skólans eru Söldís Harðardóttir leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri er Guðfinna Kristjánsdóttir og Sara Dögg Guðmundsdóttir er sérkennslustjóri. Leikskólinn er aðili að Samtökum sjálfstæðra skóla. Í dag dvelja 50 börn samtímis á leikskólanum Skerjagarði.

Á Skerjagarði eru tvær deildir, yngri deildin Ból er með börn á aldrinum átján mánaða til tveggja og háls árs. Eldri deildin Bakki er með börn á aldrinum tveggja og háls árs til sex ára. Aldursblöndun fer eftir aðstæðum hverju sinni.

Leikskólinn Skerjagarður er staðsettur í miðju íbúðarhverfi. Náttúran er heillandi í Skerjafirði og mörg skemmtileg útivistarsvæði eru í nánasta umhverfi við skólann, sem gefur góð tækifæri til útikennslu. Leikskólinn er á tveimur hæðum ásamt kjallara (Gleðigarði) og risi (starfsmannaaðstaða). Deildarnar eru á sitt hvorri hæðinni. Í kjallara/Gleðigarði er góð aðstaða til listsköpunar, flæðis þar sem er gott rými til frjáls leiks. Í Gleðigarði fara börnin einnig í skipulagða tónlistarstund en þar er góð aðstaða til hreyfingar. Á jarðhæðinni er matsalur í björtu og skemmtilegu rými og er þar gott aðgengi út í garð. Starfsmannaaðstaða er í risi hússins, kaffistofa, skrifstofa leikskólastjóra og undirbúningsherbergi fyrir kennara. Garður er í kringum húsið sem skipt er í fremri og aftari garð. Það hefur gefið góða raun að hafa garðinn tvískiptan þar sem yngri börnin geta verið í rólegheitum í fremri garðinum.

Almennt um námskrá og áherslur.

Leikskólinn Skerjagarður starfar samkvæmt [lögum](#) og [reglugerðum](#) um leikskóla nr. 90/2008, Aðalnámskrá leikskóla (2023) frá september 2023 og menntastefnu Reykjavíkurborgar

Eitt af megin markmiðum skólanámsskrá er að gefa þeim sem lesa hana betri sýn á starfið sem unnið er á Skerjagarði og er hún okkur að leiðarljósi í starfi.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í menntakerfinu. Í lögum um leikskóla kemur meðal annars fram að velferð og hagur barna skal hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Veita skal börnum umönnun og menntun, hvetjandi námsumhverfi og örugg leik- og námskilyrði. Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi. Starfshættir leikskóla skulu meðal annars mótast af umburðarlyndi, kærleika, lýðræðislegu samstarfi, jafnrétti, lýðræði, ábyrgð og umhyggju. Meginmarkmið uppeldis og kennslu eru. Sjá nánar hér : www.althingi.is/altext/stjt/2008.090.html

Aðalnámskrá er rammi um skólastarfið sem útfærir nánar þá menntastefnu sem lögin fela í sér. Á grunni aðalnámskrár ber hverjum leikskóla að útfæra sína eigin skólanámskrá. Þar sem lögð er áhersla á sérkenni, menningu og starfshætti skólans. Innan aðalnámskrá geta leikskólar enn fremur stefnumarkað sig sérstaklega og unnið eftir þeim kenningum og stefnum sem þeir kjósa sér. Við á Skerjagarði störfum meðal annars eftir hugmyndafræði Reggio Emilia. Við leggjum mikla áherslu á lýðræði, frumkvæði, sköpun og gleði í okkar starfi.

Menning og hefðir Skerjagarðs:

Á Skerjagarði höfum við skoðað menningu og hefðir út frá gildum og leiðarljósum okkar. Annars vegar út frá hefðum og venjum sem taka mið af árstíðum og menningu samfélagsins. Skerjagarður er lýðræðislegur vettvangur og lærdómssamfélag þar sem börn hafa rödd og eru virkir þátttakendur, geta þannig haft áhrif á nám sitt og málefni skólans. Börnin hafa áhrif á það viðfangsefni sem er tekið fyrir hverju sinni og unnið er út frá áhugasviði þeirra.

Ein af hefðum Skerjagarðs er að börnin eru þátttakendur í skipulagningu daglegs starfs í skólanum, t.d. með því að gera stundaskrá mánaðarins með kennara. Þar þurfa börnin að skiptast á skoðunum, taka tillit og hlusta á hvort annað. „Menning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði og skapandi starfi“ (Aðalnámskrá leikskóla. 2023) *Fastir liðir í starfinu er að fara í menningarferðir, listasöfn, leikhús og vinna svo úr ferlinu á skapandi hátt.*



Menning og hefðir

Jólaball

Jólaballið er haldið í Neskirkju fyrir börn, foreldra, kennara/starfsfólk og aðra gesti. Foreldrar sjá um veitingar, dansað í kringum jólatré og jólasveinn mættir á svæðið. Allir eiga skemmtilega stund saman.

Opið hús og útskrift

Einn laugardag í maí er opið hús og útskrift þar sem foreldrar, systkini og aðrir gestir eru velkomnir. Þar er vetrarstarfið sýnt í máli og myndum. Skerjagarðskórinn syngur nokkur lög sem þau hafa æft og valið fyrir þetta tilefni. Útskrift elstu barna fer þannig fram, þau fá sérstakt útskriftarblað, rós og foreldrafélagið gefur pennaveski.

Afmælisdagur

Afmælisbarnið er stjarna dagsins. Þegar afmælisbarnið mættir er flaggað með kennara. Mynd af barninu er sýnileg í fataklefanum. Barnið býr til kórónu fær afmælisdisk og glas.

Dagur íslenskar tungu og afmælisdagur Lubba er 16 nóvember

Höldum þennan dag hátíðlegan og börnin læra ljóð eftir Jónas Hallgrímsson. Flaggað í tilefni dagsins. Dagurinn er haldinn hátíðlegur, börnin koma með hugmyndir hvernig þau vilja útfæra daginn hverju sinni.

Dagur íslenskrar náttúru 16.september.

Fáum við börnin til að leiða hugan að umhverfisvitund. Farið er í gönguferð um hverfið þar sem náttúran er skoðuð og rusl er týnt og flokkað sem finnst í hverfinu okkar.

Leiksýningar

Ein til tvær leiksýningar eru á ári, foreldrafélagið sér um að kaupa sýningar fyrir leikskólann.

Sveitaferð

Í maí er farið í sveitaferð, alltaf er farið á föstudegi. Foreldrar og systkini eru velkomin. Farið er með rútu, grillað og átt góða stund saman.

Bolludagur, Sprengidagur, Öskudagur

Lögð er áhersla á að fræða börnin um íslenska menningu og hefðir. Í samverustundum er rætt um þessa daga, sungin lög og æfðar þulur sem tengjast þessum dögum. Farið er í vettvangsferð á Þjóðminjasafnið og rifjað upp gamlir tímar. Haldið er öskudagsball, kötturinn sleginn úr tunnunni. Börnin mega koma í furðufötum.

Sumarhátíð

Er haldin vikuna fyrir 17 júní þá hafa börnin útbúið eitthvað skemmtilegt fyrir skruðgönguna sem farin er um hverfið. Til dæmis hattar, hljóðfæri, íslenska fánann, allt eftir áhuga barnanna. Börnin skreyta garðinn og flagga. Óvæntar uppkomur t.d leikrit eru á hverju ári.

Bóndadagur

Upphaf þorra, Bóndadagur er hátíðlegur á Skerjagarði, börnin gera þorrahatta og mæta í lopapeysum eða einhverjum fötum sem tengjast þorranum. Æfð er þorralög og rætt um gamlar hefðir og mat. Börnin smakka á Þorramat og flaggað er í tilefni dagsins. Á skerjagarði í kringum bónda og konudaginn er haldið ömmu og afakaffi.

Gerð skólanámskrá Skerjagarðs

Við gerð nýrrar skólanámskrár var stuðst við skólanámskrá frá 2017. Allir kennarar/starfsmenn tóku þátt í að móta nýja skólanámskrá. Farið var yfir ákveðna þætti hennar á starfsdegi og lausnarteymisfundum. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri ásamt deildarstjórum og sérkennara unnu svo að gerð hennar. Foreldrar komu að gerð skólanámskrá með yfirlestri og ábendingum.

Börn og skólanámsskrá, aðkoma

Á Skerjagarði er lýðræði haft að leiðarljósi í öllu okkar starfi. Börnin hafa verið virkir þátttakendur í ákvarðanatöku í starfi t.d. við að gera stundaskrá mánaðarins, þar sem ýmsar upptakur eru, skipuleggja vettvangsferðir og hafa áhrif á val viðfangsefna sem tekin eru fyrir hverju sinni. Elsti árgangurinn gerir sína námskrá ásamt kennara og er stuðst við hana út skólaárið, farið er reglulega yfir hana og kannað hvort markmiðunum hafi verið náð. Börnin á elstu deildinni koma að mati starfsins og náms síns á hverju skólaári. Mat barnanna birtist alltaf í starfsáætlun á hverju skólaári (<https://skerjagardur.is/160-skerjagardur.karellen.is/s%C3%B6ngl%C3%B6g/starfs%C3%A1%C3%A6tlun%20skerjagar%C3%B0s%202024-2025.pdf>). Skólanámskrá á vera lifandi og í sífelldri endurskoðun.

Hugmyndafræði og áherslur í starfi

Á Skerjagarði er unnið eftir *Aðalnámskrá leikskóla (2023)* ásamt hugmyndafræði Loris Malaguzzi sem kenndur er við borgina Reggio Emilia á Ítalíu. Í hugmyndafræði leikskólans er einnig horft til kenninga fræðimanna Lev Wygotsky, John Dewey og Jean Piaget.

Reggio Emilia

Hugmyndafræði Reggio Emilia hefur opnað nýja og skapandi sýn á nám barna, þar sem hún er sveigjanleg og tekur breytingum í takt við tíðarandann. Lögð er áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í öruggu umhverfi. Allt nám á að veita börnum ánægju og áhuga á að læra meira. Börn verða að fá tækifæri til að upplifa gegnum skynfærin og námið þarf að vera áþreifanlegt. Litið er á barnið sem hæfileikaríkan einstakling, sterkan og forvitin sem er tilbúin að takast á við áskoranir daglegs lífs. Stefnan felur í sér mikla sköpun og góða sýn á barnið. Lögð er áhersla á skapandi hugsun heimspekinnar og uppgötvunarnám á forsendum barnanna. Góð samskipti á milli barna, starfsfólks og foreldra er grunnur að góðu skólastarfi.

Lev Wygotsky

Kom með þá sýn að börn lærðu í samskiptum við aðra, að nám og þroski ætti sér stað í menningarlegu og félagslegu samhengi. Tungumálið væri tæki til tjáskipta og félagslega samskipta. Vitrænn þroski örvast í samskiptum við aðra, umhverfið hefði því gífurleg áhrif.

Vygotsky lagði einnig áherslu á að það þyrfti að styðja börnin í þekkingarleit sinni, ögra og rannsaka með þeim á þeirra forsendum. Heillandi við kenningu Vygotsky er „svæði hins mögulega þroska,, börnin læra af þeim sem eldri eru, það ýtir undir þroska og nám barna að vera í samspili við eldri börn og kennara. Kennari þarf að vera vakandi yfir því að gefa barni viðfangsefni sem ýtir undir framfarir og þroska (<https://visindavefur.hi.is/svar.php?id=70347>)

John Dewey

John Dewey lagði áherslu á virkt nám barna og að þau lærðu í gegnum eigin reynslu. Hann lagði áherslu á sjálfsuppgötvunarnám. Einnig lagði hann áherslu á að barnið geti tengt það sem það lærir í leikskólanum við það samfélag sem það býr í (Gunnar Ragnarson, 2000 bls.16).

Jean Piaget

Í hans kenningu kemur fram að barnið verði að öðlast skilning á því umhverfi sem það býr í, þess vegna þarf barnið að fá að kanna af eigin raun. Frumkvæðið kemur frá barninu sjálfu en hlutverk okkar felst aðallega í því að skapa aðstæður til þess að barnið fái tækifæri til að upplifa og kanna. Þess vegna þarf að vekja forvitni og örva sjálfstæða hugsun. Börn læra ekki um heiminn sem hlédrægir áhorfendur heldur sem virkir einstaklingar í samskiptum við annað fólk (Edward, Gandini, og Forman, 1994,bls 50-53)

Sýn á nám barna



Á Skerjagarði er lögð áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í öruggu og kærleiksríku umhverfi. Velferð og umönnun barna er höfð að leiðarljósi í öllu starfi, borin er virðing fyrir barninu og sköpunarkraftur þess fær að njóta sín. Við erum stöðugt vakandi yfir hæfileikum og kostum barnanna með því að hrósa þeim og segja þeim hvað við sjáum þau gera og heyrum þau segja. Við leggjum áherslu á að skoða kosti þeirra og hvernig við getum unnið með þá. Við á Skerjagarði teljum að börn læri mest og best í gegnum eigin reynslu og uppgötvun sem stuðlar að áhuga og virkni þeirra, því er uppgötvunarnám mjög góð tjáningarleið fyrir barnið til að koma hugmyndum og upplifunum sínum á framfæri í orði og verki á margskonar hátt.

Aðrar áherslur í starfi

Við á Skerjagarði leggjum áherslu á sjálfssprottin leik barna eins og kveðið er á um í aðalnámskrá leikskóla (2023). Þegar við skoðum leikinn þá höfum við hugtökin fullgilding, inngilding og valdefling að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á að starfsfólk og kennarar tileinki sér hugarfar sem ýtir undir fullgildi barna, þannig að þau upplifi gleði og þátttöku í leiknum. Með fullgildingu er átt við þörf barna til að tilheyra í hópnum og vera hluti af



skólasamfélaginu. Svo þau séu fullgildir meðlimir skólasamfélagsins þarf að huga að félagslegri þátttöku þeirra, samþykki og stöðu þeirra. Mikilvægt er að skapa aðstæður til leiks þar sem hann er í aðalhlutverki. Inngilding er þegar starfshættir og hugafar einkennist af því að öll börn óháð uppruna, trú líkamlegri/andlegri getu, kynhneigð o.s.frv. (linkur) Leikskólinn er vettvangur fjölmenningar þar sem þar sem réttur hvers og eins að tilheyra leikskóla samfélaginu á eigin forsendum án aðgreiningar. Valdefling stuðlar að því að hvert barn sé leiðtogi í eigin lífi, geri sér grein fyrir styrkleikum sínum og áhersla á að trú þeirra á eigin getu sé eft.

Leikurinn

Í Aðalnámskrá (2023) kemur fram að leikur sé órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er sjálfsprottinn, eðlislægur og hann er leiddur af þeirra eigin forsendum þar sem þau ákveða hvar, hvenær og um hvað leikurinn snýst. Í gegnum leikinn fær barnið tækifæri til að efla fjölda námsþátta bæði vitræna og líkamlega. Í leiknum reynir á fjölbreytta notkun tungumálsins, félagsleg samskipti, tilfinningatengsl og hreyfingu.



Því leggjum við áherslu á að leikurinn fái tíma og rými í dagskipulagi skólans. Leikurinn hjá börnunum er skoðaður reglulega út frá skráningu og farið er yfir efniviðinn til að hafa leikinn sem fjölbreyttastan. Við leggjum áherslu á að koma með kveikjur í leikinn. Hlutverk og ábyrgð leikskólakennara og starfsfólks er að vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem að koma upp í leik og nota þau tækifæri til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra. Mikilvægt er að hafa frumkvæði að því að virkja öll börn til að geta tekið þátt í leik.

Flæði



Flæði er hugarástand eða tilfinning þar sem einstaklingur er niðursokkinn í verkefni og ekkert fær truflað hann, hvorki tími, áreiti né eigin hugsanaf্লækjur. Einbeiting og áhugi er allsráðandi og ýtir flæði ástand undir trú á eigin getu og jákvæða sjálfsmynd. Frjáls leikur í flæði gefur börnum tækifæri til að læra á eigin huga og líkama, eykur þekkingarsköpun þeirra og styður börn í að þekkja eigin mörk og annara. Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, Emilía Lilja Rakelar Gilbertsdóttir og Sigríður Þórbjörnsdóttir. (2023).

Gefinn er kostur á fjölbreyttum verkefnum þar sem áhugahvöt og virkni barnsins fær notið sín, einnig ýtir það undir sjálfstæði þeirra. Húsnæði og búnaður Skerjagarðs nýtist vel í flæði, þar sem börnin dreifast á leiksvæði skólans. Í boði er að fara í Gleðigarð (kjallari) þar sem tækifæri gefst á að vinna í myndsköpun. Í flæði eru fjölbreytt verkefni í boði t.d. útivera, vettvangsferðir, tilraunir, kubbavinna, perla, lita, púsla, leira og fleira. Börnin velja út frá sinni áhugahvöt og fara á milli svæða af eigin frumkvæði. Mikilvægt er að kennarar/ starfsmenn séu til staðar og styðji þau í því sem þau velja sér, stuðli að góðum samskiptum og komi með nýjar kveikjur inn í leikinn þegar þess er þörf.



Uppgötvunarnám



Í uppgötvunarnámi fá börnin tækifæri til að örva öll skynfærin og uppgötva eiginleika hluta. Börnum er boðin aðgangur að fjölda ólíkra hluta til að rannsaka og nota á margvísan hátt á eigin forsendum. Börnin leika sér ótrufluð án fyriræla frá kennara/ starfsfólks. Þau leiða leikinn sjálf og læra um leið að hægt er að gera hluti á margan hátt. Kennarinn/starfsfólk heldur utan um skráningu í ferlinu.

Könnunaraðferðin



Er könnun eða rannsókn þar sem farið er ofan í kjölinn á ákveðnu viðfangsefni. Aðaleinkenni könnunar er að leita svara við spurningum um efni sem annað hvort kennari/ starfsfólk eða börnin leggja til. Athugun fer fram í nokkrar vikur eða mánuði allt eftir áhuga barnanna. Í könnun/ verkefnavinnu spyrja börnin spurninga sem leiða rannsóknina og taka ákvörðun

um hvað gert er. Leitað er upplýsinga saman um viðfangsefnið á margvíslegan hátt. Börn og kennarar/ starfsfólk leita svara í sameiningu, starfið er sveigjanlegt og aðlagð þörfum og áhuga barnanna.

Viðfangsefnin eru venjulega tekin úr umhverfi sem börnin þekkja og hefur persónulega. (Judy Harris Helm, Lilian G. Katz.2016)

Þýðingu fyrir þau. Könnunaraðferðin er góð leið fyrir börnin að hafa áhrif á nám sitt. Þau eru virkir þátttakendur í þekkingarleitinni og fá að rannsaka á sínum forsendum. Skráning fer fram í öllu ferlinu. Könnunaraðferðin er skipt niður í þrjú stig og er gerð áætlun í ferlinu. Efnið er útfært á fjölbreyttan hátt allt eftir áhuga og getu barnanna. Í lokin er sýning fyrir foreldra og aðra gesti.



Skráning

Tónlist og dans

Við á Skerjagarði leggjum mikla áherslu á tónlist og dans. Við teljum tónlist vera mikilvægan þátt í þroska barna þar sem það eflir marga þætti sem stuðla að sjálfsöryggi, lífsgleði og eflir félagsþroskann, lýðræði og læsi. Öll börnin fara í skipulagða tónlistarstund. Allar stundirnar hafa eins upphaf og endi, með því skapast öryggistilfinning og vellíðan hjá barninu. Við byrjum á nafnalagi þar sem hvert barn fær athygli og við endum alltaf stundina á að takast í hendur og þakka fyrir tímann.

Tónlistarstundirnar eru mjög fjölbreyttar, við vinnum mikið með taktinn, klöppum, stöppum, smellum með tungunni, sláum á lærin o.fl. Einnig fléttum við saman tónlist og léttum barnadönsum. Við notum tónlist í ýmsum spunaleikjum þar sem við hlustum á tónlist og barnið getur gefið ímyndunaraflinu frelsi og breytt sér í dýr eða eitthvað annað og tjáir sig með hreyfingum. Við vinnum með hljóðfæri og syngjum með, lögð er áhersla á að spila í takt og læra lög og texta. Einnig er mikið sungið á Skerjagarði í öðru starfi leikskólans s.s. í hópavinnu, samverustundum, söngstundum og í fataklefanum, við leggjum líka áherslu á að þau læri þulur og ljóð. Mikilvægast er að barnið fái tækifæri til að fanga gleðina og tjá sig með því að nota tónlistina til að fá útrás fyrir tilfinningar og skapandi hugsun.



Aðalnámsskrá leikskóla og menntastefna Reykjavíkur og barnasáttmálinn

Sú menntastefna sem birt er í aðalnámsskrá leikskóla (2023) (<https://adalnamskra.is/adalnamskra-leikskola>) er reist á sex grunnþáttum menntunnar sem eru leiðarljós við gerð skólanámsskrár Skerjagarðs. Grunnþættir menntunnar eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. (<https://adalnamskra.is/greinar/grunnthaettir>) Grunnþættir fléttast inn í allt skólastarf og starfshættir skólans byggja á þeim ásamt barnasáttmálanum (<https://www.barnasattmali.is/>) og menntastefnu Reykjavíkur (<https://menntastefna.is/>)

Gildi Skerjagarðs

Við á Skerjagarði ígrunduðum gildi og einkunnarorð Skerjagarðs við gerð þessara skólanámskrár. Grunnur af góðu leikskólastarfi er að skoða sjálfan sig í starfi sem kennara/starfsmann og þá sýn sem við höfum á nám og þroska barna.

Gleði

Almenn vellíðan og gleði hefur áhrif á líf og tilveru hvers einstaklings. Á Skerjagarði er leitast við að það ríki gleði og jákvætt andrúmsloft. Góð samskipti milli barna og kennara/starfsmanna er forsenda þess að börn geti verið glöð og sýni hæfileika og sköpunarkraft í verki. Glöð börn hafa trú á eigin getu og þar af leiðandi styrkja þau sjálfsmynd sína.

Frumkvæði

Mikilvægt er að kennarar/starfsmenn og börn sýni frumkvæði í leikskólastarfi. Börn eiga að hafa áhrif á nám sitt og fá tækifæri til þess að rannsaka á eigin forsendum í þekkingarleit sinni. Hlutverk okkar sem kennara/starfsmanna er að ýta undir forvitni og áhugahvöt barnanna. Grípa hugmyndir þeirra á lofti, þannig að við getum unnið áfram með hugmyndir barnanna í öllu okkar starfi. Börnin eiga að skoða, rannsaka, upplifa, spyrja spurninga og leita svara við þeim, því það er ákveðin tilvera sem bíður eftir að vera uppgötvuð

Sköpun

Mikilvægt er að hlúa að umhverfi sem örvar skynjun og sköpunarkraft barnanna. Aðaláherslan í okkar starfi er að vinna með ferlið og uppgötvun barnanna, frekar en að leggja áherslu á útkomuna. Leitast er við að hafa fjölbreyttan efnivið í boði sem ýtir undir ímyndunarafli, sköpunarkraft og gleði barnanna.



Leiðarljós leikskólastarfsins

Í *Aðalnámskrá leikskóla* 2011 eru tilgreind leiðarljós sem eiga að vísa leikskólum veginn í mótun leikskólastarfs. Á Skerjagarði vinnum við markvisst eftir þessum leiðarljósum, tengjum það okkar hugmyndafræði og vinnuaðferðum sem við stöndum fyrir. Hér fyrir neðan tengjum við leiðarljósin við okkar áherslur, markmið og leiðir:

- **Að börnin upplifi allan þann fjölbreytileika sem lífið hefur upp á að bjóða.**



Lögð er áhersla á skapandi starf. Könnunaraðferðin/uppgötvunarnám er góð leið til þess að börnin kynnist fjölbreytileika lífsins. Þegar börnin rannsaka og prófa sig áfram með viðfangsefnið eru þau hvött til að tjá skilning og upplifun sína á skapandi hátt. Farið er í vettvangasferðir til að sækja efnivið úr náttúrunni. Ýmis efniviður er tekin heim til þess að rannsaka og upplifa meira, ásamt því að vera notaður í myndsköpun. Fylgst er með árstíðarskiptum t.d. hvernig laufin vakna til lífsins á vorin og skordýrin fara á kreik. Mikilvægt er að börn skynji og uppgötví fjölbreytileika náttúrunnar af eigin raun og læri að njóta.

- **Nýta nærsamfélagið og nánasta umhverfi leikskólans á fjölbreyttan hátt.**

Á Skerjagarði förum við á söfn og listviðburði. Tengjum það því viðfangsefni sem verið er vinna með hverju sinni. Fáum heimsóknir frá rithöfundum og öðrum listamönnum. Nánasta umhverfi leikskólans er nýtt til útikennslu. Fylgst með árstíðarskiptum, lífríki fjörunnar skoðað. Einnig er útivera nýtt til frjáls- og sjálfsprottins leiks.



- **Virkja börn til sjálfbærra hugsanna. Stuðla að því að börn læri að bera virðingu fyrir náttúru og umhverfi.**

Á Skerjagarði flokkum við rusl og förum með í endurvinnsluna. Í samverustund ræðum við um gildi þess að ganga vel um náttúruna. Við setjum niður kartöflur, grænmeti og gróðursetjum sumarblóm.

- **Að skapa aðstæður þannig að börnin fái tækifæri til að upplifa og kanna af eigin raun, með því að vekja forvitni, örva sjálfstæða hugsun og ýta undir ímyndunarafl barnanna.**



Við lítum á börnin sem sterka, hæfileikaríka og forvitna einstaklinga þar sem hver og einn fær að njóta sín á eigin forsendum, óháð kynferði og bakgrunni.

Í dagskipulagi Skerjagarðs er gefin góður tími til sjálfssprotts leiks, þar sem börnin fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og upplifanir.

Unnið er í litlum hópum út frá áhugasviði, aldri og þroska barnanna og því fléttað inn í allt daglegt starf svo sem tónlist, myndsköpun, hreyfingu og tjáningu.

Börnin tjá upplifun sína í máli og myndum t.d í sögu og ljóðagerð og eru virkir þátttakendur í velja viðfangsefni hverju sinni. Við teljum mikilvægt að börnin upplifi gleði og ánægju af þeim verkefnum sem þau taka sér fyrir hendur. Á yngri deild útfærum við þessi markmið með uppgötvunarnámi sem ýtir undir forvitni og sköpun barna. Þau kanna, rannsaka form og lögun hluta og uppgötva í ferlinu að hægt er að nota þá á fjölbreyttan hátt.

Fuglarifrildi

Einu sinni voru svartþröstur svanur að rífast Og voru að keppa um hvor myndi eignast fallegri unga. Þá kom krummi og sagði þeim að hætta að rífast þá hættu þeir og urðu vinir.

- **Að styrkja sjálfmynd, sjálföruggi og efla félagsfærni þeirra.**

Börnin fá tækifæri til að þroskast félagslega með því að umgangast aðra og bera virðingu og samkennd fyrir öðrum. Við notum kærleiksríkt uppeldi, með því að temja okkur að nota lága og blíða rödd, jákvæða útgeislun, mjúkar hreyfingar og förum í hæð barnanna þegar við tölum við þau. Við erum stöðugt vakandi yfir hæfileikum og kostum barnanna. Við fylgjumst vel með leik barna og notum skráningu til að skoða samskipti barnanna á milli. Við teljum mikilvægt að börn geti tjáð tilfinningar sínar í orðum, einnig að setja sig í spor annarra. Við notum meðal annars félagsfærnisögur, tilfinningabolta og svipbrigðamyndir.

- **Börnin eru hvött til tjáningar og til þess að hlusta.**



Það er nauðsynlegt fyrir börn að geta tjáð sig um upplifanir og langanir sínar í orðum. Í hópstarfi þá sýna börnin og tjá sig um afrakstur af því sem þau hafa verið að taka fyrir hverju sinni. Börn eru hvött til að spyrja spurninga í vettvangsferðum. Í samverustundum fara börnin í tjáningu þar sem þau segja frá hugarefnum sínum. Blær bangsi (<https://barnaheill.is/vinata/>) fer með börnunum heim,

foreldrar og börn skrifa saman niður hvað þau eru búin að vera gera.

- **Að gott samstarf sé á milli barna, foreldra og kennara/starfsfólks. Eins að það ríki lýðræðisleg vinnubrögð.**

Þátttökuaðlögun leggur grunn að farsælu samstarfi leikskólans og heimilis. Í aðlöguninni gefst tími til að kynnst vel. Kennarar, börn og foreldrar leggja grunn að góðu og traustu samstarfi. Heimsóknardagar eru tvisvar á ári á Bakka og einu sinni á ári á Bóli, þar sem foreldrar geta komið í heimsókn og kynnst leikskólastarfinu. Þessar uppákomur eru góður vettvangur fyrir foreldra og starfsfólk að kynnst, skiptast á skoðunum og þjappar fólki saman um að gera góðan leikskóla enn betri. Lögð er áhersla á gott upplýsingaflæði í gegnum heimasíðu, karellen, tölvupóst, fréttabréf, stundaskrá mánaðarins og upplýsingatöflu í fataklefum.

Samþætt og skapandi leikskólastarf.



Börn læra í gegnum leik og í daglegu starfi sínu í leikskólanum. Þau læra í samvinnu við önnur börn og með hvatningu frá hinum fullorðnu. Námsvið leikskólans eru áherslupættir í leikskólauppeldi og eiga að vera samþætt og samofin öllu leikskólastarfi sem taka mið af grunnþáttum menntunnar. Námsviðin skarast og þau er samofin undirstöðuþáttum leikskólastarfsins, leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni. Námsvið leikskólans eru: læsi, samskipti,

heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Hér fyrir neðan gerum við skil á námssviðunum og tengjum þau við okkar áherslur, sýn og leiðir Skerjagarðs.

Læsi og samskipti



Börn hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra, þau nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Við á Skerjagarði leggjum okkur fram við að skapa aðstæður svo börnin fái tækifæri til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum, þannig eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi felur í sér leikni, þekkingu og hæfni barna til að lesa í umhverfið sitt og tjá upplifun sína skoðanir og tilfinningar. Hér fyrir neðan koma okkar leiðir að þessum markmiðum. Læsi og samskipti eiga vel heima í

könnunaraðferðinni og uppgötvunarnámi. Þar eru lýðræðislegar ákvarðanir teknar, af börnunum og kennurum/starfsmönnum, börn deila reynslu sinni og þekkingu. Við ýtum undir frumkvæði og ákvarðanatöku þannig að börnin hafa þannig áhrif á nám sitt.

- Farið er í samverustundir á hverjum degi, alltaf eru valin lög, þulur og sögur tengdar því verkefni sem tekið er fyrir hverju sinni. Lögð er áhersla á vandaðar og undirbúnar samverustundir.
- Framsögn, þá segja börnin frá einhverju skemmtilegu sem á daga þeirra hefur drifið það fer síðan í ferilsmöppu barnsins.
- Við notum hugmyndavef þar sem hugmyndir barnanna eru skráðar niður.
(sjá könnunaraðferð)
- Börnin fá tækifæri að tjá upplifun sína í máli og myndum. Til dæmis er unnið í sögugerð og ljóðagerð

- Við nýtum efniviðinn sem til er í stafagerð með spýtum tölum steinum og fleira. Þar sem þau flokka og telja.
- Við förum í Borgarbókasafnið til að nálgast nýjar bækur, við sækjum okkur fræðibækur sem tengjast viðfangsefni sem verið er að taka fyrir hverju sinni. Einnig förum við í sögustundir á Borgarbókasafninu.
- Einingakubbarirnir þar sem unnið er með stærðfræði og stafina.
- Blær-bangsi sem fer með börnunum heim og foreldrar og börn skrifa niður hvað þau eru búin að gera saman í heimsókninni.
- Stafrófið er sýnilegt inn á deild ásamt öðrum nöfnum og afmælisdögum barnanna.
- Við nýtum okkur í starfinu bækurnar Markviss málörvun, Ljáðu mér eyra, Orðagull og

Leikum og lærum með hljóðin.



- Þegar farið er með eldri börnin í vettvangsferðir eru þau undirbúin um hvert þau séu að fara, hvern eru þau að fara að hitta, hvernig þau komast á leiðarenda.
 - Á yngri deild eru tekin fyrir ákveðin viðfangsefni í ákveðin tíma, eins og litirnir, dýrin og lög og bækur lesnar sem tengjast viðfangsefninu. Endurtekning er góð málörvun.
 - Bókavika er einu sinni í mánuði, þar sem börnin koma með bækur að heiman.
 - Lögð er áhersla á að gefa sjálfssprottnum leik tíma í dagskipulaginu þar sem áhersla er á flæði og börnin fara á milli svæða eftir áhuga.

Heilbrigði og vellíðan

Huga þarf að heilbrigði og vellíðan barna í öllu daglegu starfi.

Ein af undirstöðum þess að barn þroskist og dafni er að því líði vel andlega og líkamlega og að umhverfi þess sé hvetjandi og öruggt. Börn eru næm og forvitin á umhverfi sitt og taka vel eftir því smáa í umhverfi sínu, þann áhuga ber að virkja. Mikilvægt er að taka vel á móti hverju barni þannig að það finni sig velkomið, það er undirstaða að góðum degi. Góð, kærleiksrík og jákvæð samskipti er grunnur af góðu leikskólastarfi. Þess vegna viljum við kenna börnunum að umgangast aðra af hlýju og nærgætni.



- Einu sinni á dag er útivera þar sem hreyfing og frjálsi leikurinn fær að njóta sín og börnin efla bæði grófhreyfingar og félagsfærni. Áhersla er lögð á að útivera sé jákvæð upplifun fyrir barnið.
- Nánasta umhverfið er nýtt til útikennslu, við tökum með okkur stækkunargler og box til að skoða lífríkið í fjörunni og tengjum nánasta umhverfið okkar við árstíðirnar. Börnin kynnast náttúrunni og bera virðingu fyrir henni.
- Lögð er áhersla á að gefa börnunum tækifæri til að vinna úr náttúrulegum efnum eins og skeljum, kuðungum og þangi.
- Öll börnin fara í hvíld eða rólega stund, allt eftir aldri og þörfum barnanna. Lögð er áhersla á að skapa rólegt og notalegt andrúmsloft í hvíldinni, hlustað er á rólega tónlist eða sögu.
- Áhersla er á hollt og fjölbreytt mataræði, matartímar hafa mikið uppeldislegt gildi þar gefst tækifæri til skemmtilegra umræðna. Lögð er áhersla á að börnin tileinki sér góða borðsiði. Börnin eru hvött til sjálfsbjargar og sjálfstæði með því að skammta sér sjálf og sýna samhjálp með að hjálpa hvert öðru, barn ákveðið sæti því það skapar festu og öryggi.

Sjálfbærni og vísindi

Börn eru forvitin og fróðleiksfús í eðli sínu frá fyrstu stund beita þau fjölbreyttum aðferðum til að rannsaka og skilja umhverfið sitt. Börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfið. Á Skerjagarði fá yngstu börnin tækifæri til að snerta, hlusta, handleika og flokka í gegnum uppgötvunarnám. Börn læra af reynslu í umhverfinu og skapa þar nýja merkingabæra reynslu og leggja áherslu á samhengi milli þeirra viðfangsefna sem tekin eru fyrir hverju sinni. Við notum könnunaraðferðina með eldri börnunum þar sem við hvetjum þau til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna. Könnunaraðferðin ýtir undir vísindalega hugsun og börnin fá aðstoð til að sjá orsök, afleiðingu og skilning á hugtökum og hugmyndum. Í leikskólanum eru unnin ýmis verkefni sem tengjast náttúrunni og þannig er stuðlað að virðingu barnanna fyrir náttúrunni og náttúruvernd.



- Börn og starfsfólk er meðvitað um að tína rusl og annað smádót sem á vegi þeirra verður í náttúrunni. Mikilvægt er að læra að ganga vel um náttúruna. Við flokkum rusl, börnin fara í gönguferð í grenndargáminn með pappír og plast.
- Börnin fá að upplifa og rannsaka náttúruna, við tökum með okkur stækkunargler og ýmis vísindatól til að auðga forvitni og sköpunargleði barnanna. Við leggjum áherslu á að börnin beri virðingu fyrir trjágróðri og lífríki t.d. skilum við skordýrunum aftur í náttúruna eftir að hafa skoða þau í smásjá. Einnig erum við ekki að slíta blóm eða aðrar plöntur að óþörfu.
- Lögð er áhersla á að gefa börnum tækifæri á að vinna úr náttúrulegum efnum og endurnýtanlegum efnivið, skapa úr honum og stuðla þannig að sjálfbærri þróun.
- Börnin setja niður kartöflur á vorin, rækta og gróðursetja sumarblóm.
- Við leggjum metnað í að gera hlutina og viðfangsefnin áþreifanleg og merkingarbær fyrir börnin. Það gerum við með því að tengja þau við þeirra skilning og reynslu, sem dæmi: Starri vegur 80 grömm, hvað þurfum við marga kaplakubba á móti 80 grömmum?
- Við bökum með börnunum og gerum tilraunir þar læra þau um stærðfræði - og efnifræðihugtök.
- Lögð er áhersla á góða umgengni og frágang. Börnunum er kennt að bera virðingu fyrir efnivið leikskólans og umhverfi hans almennt.



Sköpun og menning



Sköpun er mikilvægur þáttur í þroska og námi barna. Skapandi starf skal fyrst og fremst beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Menning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og fjölmenningu.

Á Skerjagarði er frjáls sköpun barna mikilvægur hlekkur í starfinu. Með frjálsri sköpun fá þau tækifæri til að tjá og vinna áfram með það sem þau sjá, skynja, heyra og hugsa. Sköpun barna byggist á skynjun þeirra og reynslu. Lögð er áhersla á að börnin tjái sig frjálst og sköpunargleðin fái að njóta sín. Lögð er áhersla á ferlið en ekki afurðina.

- Í könnunaraðferðinni, leiknum og flæði, útfæra börnin reynslu sína á fjölbreyttan og skapandi hátt.
- Efniviður er fjölbreyttur og sýnilegur, við erum með góða aðstöðu til myndsköpunnar þar sem verkin geta staðið í einhvern tíma. Börnin fá alltaf tækifæri í daglegu starfi til að vinna í sköpun.
- Foreldrar og aðrir eru hvattir til að koma með efnivið að heiman sem hægt er að nýta í skapandi starfi.
- Á yngri deildinni er unnið með uppgötvunarnám þar sem börnin uppgötva og prófa sig áfram með ýmsan efnivið. Þau vinna í myndsköpun leir og leika með vatn og annan opin efnivið.
- Tónlistarstundir eru fyrir öll börn leikskólans þar sem áhersla er á tjáningu og sköpunarmátt barnsins.
- Vinastund er á föstudögum þar sem sungið er saman. Elstu börn skólans kenna yngri börnum þulur og söngva, einnig æfa þau flutning og koma fram fyrir öll börn leikskólans.
- Börnin læra þulur, kvæði og þjóðsögur og ævintýri.
- Fastir liðir í starfinu er að fara í menningarferðir, listasöfn, leikhús og vinna svo úr ferlinu á skapandi hátt.



Samstarf og samskipti



Á Skerjagarði viljum við hafa opin og góð samskipti á milli kennara/starfsfólks, foreldra og barna. Það er grunnur að vellíðan og velgengni í leikskólastarfi. Forsendur að farsælu leikskólastarfi er mannauður leikskólans. Kennarar og annað starfsfólk ber að rækta starf sitt af fagmennsku, alúð og samvirkusemi.

Á Skerjagarði viljum við leggja áherslu á kærleiksríkt uppeldi með því að temja okkur lága og blíða rödd og jákvæða útgeislun. Við leggjum okkur fram við að það ríki gleði og jákvæðni í öllu okkar starfi. Kennarar/starfsfólk eiga að vera gefandi í samskiptum við börn og fjölskyldur þeirra, koma fram að virðingu og taka tillit til ólíkra þarfa þeirra. Við leggjum áherslu að unnið sé út frá hugmyndafræði um fjölbreytileika þar sem allir tilheyra leikskólasamfélaginu. Með hreinskilnum samskiptum, jákvæðu hugarfari, brosi, kurteisi, orðum og hlýju náum við fram því besta hjá öllum. Á Skerjagarði erum við með ákveðna áætlun sem við vinnum eftir hvernig við viljum stuðla að góðum samskiptum. Börn læra það sem fyrir þeim er haft og við sem kennarar/starfsfólk erum fyrirmyndir þeirra um samskipti.



Stjórnun Skerjagarðs

Í fagteymi/lausnarteymi Skerjagarðs eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar. Mikilvægt er að þessir aðilar myndi öflugt teymi sem sameinast um velferð og nám barna. Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu leikskólastarfi, þeir móta starfið taka ákvarðanir um innra skipulag. Kennarar sjá um að nýta þann mannauð sem skólinn hefur að geyma. Þannig að allir starfsmenn finni sig örugga, og að hæfileikar og styrkleikar þeirra fái að njóta sín. Lögð er áhersla á starfsþróun kennara og þeir hvattir til endurmenntunar. Sem þeir geta síðan miðlað til annarra.



- Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári. Kennarar/starfsfólk skólans eru búin að undirbúa sig fyrir viðtölin. Viðtölin fara fram í byrjun árs, leikskólastjóri tekur viðtölin.
- Á föstudögum eru deildafundir, þar sem farið er yfir starfið, nám barna og hlutverk og líðan starfsmanna.
- Einu sinni í viku eru fundir með sérkennslustjóra og þeim starfsmönnum sem sinna stuðning barna.
- Á hverjum morgni eru haldnir örfundir með leikskólastjóra og deildastjórum þar sem farið er yfir daginn.
- Einu sinni í viku er lausnarteymismisfundur, þar sem farið er yfir það sem fram hefur komið á deildarfundum. Farið yfir matsblöð, áætlunargerð og mál einstakra barna.
- Deildarstjórar og leikskólastjóri funda einu sinni í viku þar sem farið er yfir innra starf, skipulag og áherslur í starfi.
- Nýir kennarar/starfsmenn fara í leiðbeiningarviðtöl þar sem farið er yfir meðal annars, hvernig gengur, líðan og hvernig gangi að tileinka sér starfshætti skólans.

Deildarstjórar og kennarar

- Deildarstjórar á eldri og yngri deild taka ábyrgð á stjórnun deildarinnar og foreldrasamskiptum.
- Deildarfundir eru hálfsmánaðalega þar sem kennarar/starfsfólk á deildum fara yfir nám barnanna sem er meðal annars skoðað út frá skráningu. Hvert barn er skoðað með tilliti til ferilsmöppu þess. Farið er yfir einstaklingsnámsskrá.
- Fundirnir eru skráðir á þar til gerð blöð þar sem markmið og leiðir eru sett. Farið yfir þessar upplýsingar á næsta fundi.



Hlutverk kennara/ starfsfólks og samskipti við barnahópinn.

- Mikilvægt er að sýna hverju og einu barni nærgætni, alúð og hlýju. Þannig að barnið upplifi sig hluti af skólasamfélaginu, finni sig öruggt og líði vel.
- Hlutverk kennara er að skapa börnum tækifæri til sjálfssprottins leiks þar sem börnin eru hvött til að upplifa hlutina og vekja forvitni þeirra með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa og rannsaka á fjölbreyttan hátt.
- Lögð er áhersla á virkni og frumkvæði kennara/starfsfólks og mikilvægt er að hann sé virkur þátttakandi í þekkingarleitinni með börnunum og komi með kveikjur inn í leikinn.
- Kennarinn þarf að búa barni örvandi og lærdómsríkt umhverfi þar sem börnin hafa aðgang að fjölbreyttum og skapandi efnivið.
- Kennari/ starfsfólk á að vera vel undirbúinn og afla sér þekkingar um viðfangsefnið sem á að taka fyrir til að geta leiðbeint og stutt við athuganir og leik barnanna.
- Kennari/starfsfólk þarf að tileinka sér skráningu í öllu starfi sem gerir nám, leik, verk og vinnu barnanna sýnilega.
- Kennarar/starfsfólk hlustar á raddir barnanna og styður börnin til að finna leiðir og skipuleggja verkefni sín um leið og hann horfir, hlustar og rannsakar hvert barn fyrir sig.

Samstarf leikskóla og heimils.

Foreldrasamvinna



Á Skerjagarði viljum við hafa opin og góð samskipti á milli kennara, foreldra og barna. Það er grunnur að vellíðan og velgengni í leikskólastarfi. Forsendur að farsælu leikskólastarfi er mannauður leikskólans og vel upplýstir foreldrar.

Markmið

- Um leið og barn byrjar á Skerjagarði byrjar samvinna milli foreldra og leikskóla og foreldrar verða meðlimir í foreldrafélaginu.

- Mikilvægt er að rækta samvinnu og samskipti milli leikskólans og heimilanna. Gagnkvæm virðing á að ríkja milli starfsfólks, barna og foreldra.
- Foreldrasamvinna stuðlar að þátttöku foreldra í starfi Skerjagarðs.

Leiðir

- Nýir foreldrar eru boðaðir í einstaklingsviðtal á vorin, þar sem farið er yfir væntingar foreldra til leikskólans, þeir gefa upplýsingar um daglegar þarfir barnsins. Farið er yfir hagnýtar upplýsingar um leikskólastarfið.
- Kynnt er heimasíðan við upphaf skólagöngunnar. Þar er að finna ýtarlegar upplýsingar um allt sem við kemur skólastarfinu. Deildarstjóri/leikskólastjóri taka fyrsta viðtalið.
- Sameiginleg foreldrakynning er á haustin, þar sem starfsfólk er kynnt ásamt því að farið er yfir starfið og námsefnið.
- Foreldraviðtöl eru á haustin og vorin, farið er yfir almennan þroska, einstaklingsnámskrá, líðan barnsins og væntingar foreldra til skólans.
- Heimsóknardagar eru tvisvar á ári á þar sem foreldrar geta komið í heimsókn og kynnst leikskólastarfinu.
- Lögð er áhersla á gott upplýsingaflæði í gegnum heimasíðu, karellen, stundaskrá mánaðarins og upplýsingatöflu í fataklefum. Við sendum reglulega tölvupóst til foreldra.
- Upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu skólans, www.skerjagardur.is

Foreldrafélag

Í 11. Gr. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2008.090.html> laga um leikskóla er kveðið á um að foreldraráð sé starfrækt við skólann og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Kosið er í foreldraráð á Skerjagarði á hverju hausti. Hlutverk ráðsins er meðal annars að gefa umsögn um skólanámsskrá, starfsáætlun og starfsemi skólans. Á Skerjagarði er foreldrafélag/ráð og markmið þess er að hugsa um velferð barnanna í samstarfi við kennara skólans.

- Foreldrar greiða tvisvar á ári í foreldrafélagið.
- Foreldrafélagið skipuleggur ýmsa viðburði og upptökur sem tengjast leikskólastarfinu og börnunum.

Stuðningur í Skerjagarði

Á skerjagarði er unnið eftir hugmyndafræði, leikskóli fyrir alla, sem þýðir að allir kennarar/starfsfólk skólans leitist við það að öll börn fái notið gæða menntunar á þeirra forsendum. Leitast er eftir að horfa á þarfir barnahópsins í heild sinni en ekki síður þarfir hvers og eins. Áhersla er lögð á inngildingu allra barna en ekki síst þeirra barna sem njóta stuðnings í leikskólanum. Með inngildingu er átt við að viðurkenning og virðing er borin fyrir fjölbreytileika með það að leiðarljósi að virkja alla til þátttöku og ákvörðunartöku. Við á Skerjagarði ígrundum og endurskoðum reglulega hvernig við tökum á móti börnum og tryggjum inngildingu allra. Sjá nánari umfjöllun um inngildingu: [Lög um inngildandi menntun](#) Stuðningur er skipulagður af sérkennslustjóra í samvinnu við leikskólastjóra, deildastjóra og sérfræðinga frá Vesturmiðstöð Reykjavíkur þegar það á við.

- Unnið er eftir einstaklingsnámsskrá, sem er bæði heildstæð og einstaklingsmiðuð. Einstaklingsþjálfun fer fram þegar það á við en ávallt er leitast eftir því að kennsla fari sem mest fram í barnahópnum.
- Öll einstaklingsþjálfun sem unnin er út frá gagnreyndum aðferðum hefur það að markmiði að barnið tileinki sér færni sem stuðlar að aukinni þátttöku í leikskólastarfinu.
- Allt starfsfólk á Skerjagarði er hvatt til að ígrunda kennsluaðferðir sínar svo þær megi vera á þann veg að öll börn upplifi að framlag þeirra sé mikilvægt, þau hafi hlutverk og tilheyri barnahópnum.
- Börn sem njóta stuðnings er á ábyrgð allra starfsmanna



Samstarf og tengsl milli skólastiga

Aðalmarkmið samstarfs leikskóla og grunnskóla er að stuðla að vellíðan barnanna við flutning á milli skólastiga. Samvinna er milli leik- og grunnskóla á Skerjagarði.

Börnin fara í heimsókn til Melaskóla á haustin og vorin.

- Heimsókn á bókasafnið þar sem lesin er saga og sagt frá skólastarfinu.
- Heimsókn í fyrsta bekk þar sem tekið er þátt í kennslustund og farið í frímínútur. Síðan er farið í leikfímistíma.
- Við förum í heimsókn á frístundarheimilið Selið
- Þær upplýsingar sem flytjast með barninu milli skólastiga eru í samráði við foreldra og kennara.
- Skilafundur er á haustin/vorin vegna barna sem hlotið hafa stuðnings þar sem nauðsynlegar upplýsingar fylgja barninu.
- Á Skerjagarði fara börnin í HLJÓM-2 og niðurstöður úr því fylgja með barninu.

Samstarf við nærumhverfi

Við á Skerjagarði nýtum okkar nærumhverfi skólans vel. Náttúran við leikskólann er fjölbreytt, stutt er í fjöruna, Öskjuhlíðina og opin svæði sem við nýtum til útikennslu og leikja. Við kynnum okkur menningarviðburði borgarinnar, förum á söfn, sýningar og vinnum úr þeirri reynslu þegar heim er komið. Í stundarskrá mánaðarins er alltaf ein til tvær ferðir í mánuði sem tengist meðal annars því viðfangsefni sem er verið að vinna með eða eftir áhuga barnanna. Við erum í góðu samstarfi við Borgarbókasafnið í Tryggvagötu. Foreldrar koma með tillögur að vettvangsferðum og heimsóknum í fyrirtæki. Við tökum þátt í Barnarmenningu sem haldin er ár hvert í samstarfi við Tónskóla Sigursveins.



Innra mat

Matsaðferðir innra mat



Skólanámsskrá leikskólans er lögð til grundvallar við innra mat skólans. Á hverju ári eru ákveðnir þættir metnir. Þeir eru: stjórnun, uppeldi og menntastarf, mannauður, leikskólabragur og innra mat. Á hverju ári er ákveðið á starfdegi í samræmi við stjórnendur, kennara/starfsfólk og börnin hvaða umbótaþætti á að taka fyrir hverju sinni. Það er misjafnt hvað áætlun til umbóta sendur lengi yfir. Vinnulagið er þannig að skoðað er hvar tækifæri til umbóta liggja, út frá því er ákvörðun tekin og hverjir umbótaþættirnir skulu vera. Því næst er gerð áætlun um aðgerðir til umbóta, hún er tímasett og tilgreint hverjir eru ábyrgðaraðilar. Því næst er ákveðið hvert viðmiðið um árangur skuli vera og hvernig við metum það hverju sinni.

Þegar ákvörðun er tekin hvað á meta er farið yfir daglegt starf, mat kennara á grunnþáttum menntunar út frá aðalnámsskrá leikskóla er metið, ásamt hefðum, uppákomum og hátíðum skólans. Það sem við m.a. metum er hópastarfið, leikurinn, útivera, matartímar og dagleg samskipti okkar og barnanna. Þetta er skoðað út frá uppeldislegri skráningu s.s. ljósmyndum og teikningum barnanna ásamt matsblöðum, fundagerðum frá deildarfundum og lausnarþeimfundum. Á vorin er starfið endurmetið og farið yfir úrbótaráætlun. Þá er ákveðið hvort þurfi að vinna áfram með ákveðna umbótar þætti eða hvort markmiði hafi verið náð. Umbótaráætlun er þó lifandi og getur breyst í ferlinu, farið er yfir hana á lausnarþeimfundum og deildarfundum.

Mat á námi og líðan barna er bæði einstaklingsmiðað og hópmiðað. Einstaklingsmiðað mat byggir á styrkleikum og færni hvers barns með það að leiðarljósi að efla það og styrkja. Hópmiðað mat er ætlað að styrkja barnahóp eða stöðu einstakra barna í hópnum. Niðurstöður matsins nýtum við til að styðja við nám og vellíðan barna, einnig við skipulagningu á faglegu starfi skólans. Mat okkar á námi, leik og velferð barna tekur ávallt mið af getu, áhugasviði og hæfni hvers barns. Aðferðir sem við styðumst við mat á námi barna í leik eru meðal annars ferilsbækur þar sem er að finna ljósmyndarskráningar, frásagnir barnanna um reynslu þeirra, þekkingu, tilgátur þeirra, reynsla og líðan. Kennarar/starfsfólk nýta einnig myndir við mat.

Einstaklingsmiðað mat:

- Vellíðan, andleg og líkamleg færni í leik og starfi.
- Félagsfærni, þátttöku og upplifun í barnahópnum í leik, úti og inni.
- Áhugasvið, frumkvæði og sjálfstæði.

Hópmiðað mat:

- Samskipti og þátttöku barna í leik og þróun leiksins.
- Aðgengi að leikefni, margbreytileika barnahópsins sem og stöðu einstakra barna.
- Hvernig grunnþættir menntunar birtast í leik og starfi barnanna, eins og lýðræði og læsi.

Mat barna

Börnin taka þátt í mati skólans á hverju ári, það gera þau með því að meta einstaka þætti eins og sem dæmi matartíma og leikefni. Elstu börnin setja sér markmið og leiðir að þeim, bæði í hópstarfi og einstaklingmiðað. Þau meta svo markmiðin sín í ferlinu. Sjá nánar í starfáætlun Skerjagarðs : <https://skerjagardur.is/Skolastarfid/Aaetlanir>



Lokaorð

Skerjagarður skilar starfsáætlun hvert ár til SFS. Þar er að finna hagnýtar upplýsingar, skóladagatal og nánari umfjöllun um starfsemi skólans, innra mat og umbótaráætlun út frá því. Við bendum einnig á heimasíðu skólans <https://skerjagardur.is> þar er að finna ýmsar upplýsingar um daglegt starf, fréttir og annan fróðleik um okkar faglega og skemmtilega starf.

Umsögn foreldraráðs.

Starfsemin á Skerjagarði er ávallt fagleg og blasir það við okkur foreldrunum þegar við sækjum börnin á leikskólann. Veggir skólans eru skreyttir fallegum verkum eftir krakkana ásamt greinargóðum lýsingum á þemaverkefnum, myndum af krökkunum úr starfinu og upplýsingum um nám barnanna hverju sinni sem auðveldar foreldrum að brúa bilið milli leikskóla og heimilis og vinna áfram með færnina heima. Þar að auki er hægt að sjá gæði starfsins með því að fylgjast með sínu eigin barni. Þegar 4 ára snáðinn minn kemur heim og fer að fræða mann um burstabæi, syngja lög um vináttu og leika sér að því að brjóta orð í orðahluta og sameina þá aftur er augljóst að hann er að læra mikið gagnlegt í leikskólanum. Starfið þeirra er vel skipulagt og passa starfsmenn upp á það að halda okkur foreldrum vel upplýstum með tölvupóstum, upplýsingablöðum, samskiptum á karellen og í eigin persónu. Það fer ekki á milli mála að börnin okkar eru í góðum höndum þarna á Skerjagarði þar sem andrúmsloftið er alltaf létt og vinalegt og umhyggja gagnvart krökkunum er augljós. Krökkunum virðist líða mjög vel þarna, hlakka til að fara og tala fallega um leikskólann. Starfsmannahópurinn virðist einnig vera einstaklega vel valinn og hafa margir foreldrar haft orð á því að skólastjórnendur hljóti að vera ansi góðir mannþekkjara þar sem hver starfsmaður virðist koma vel fyrir, passa vel inn í hópinn og tengjast börnunum. Skerjagarður er yndislegur leikskóli sem er rekinn af umhyggju og einlægri ástríðu fyrir velferð barnanna, öll börn ættu að fá að vera á leikskóla eins og Skerjagarði.

Fyrir hönd foreldraráðs,

Iðunn Svala Árnadóttir, Formaður Foreldraráðs Skerjagarðar.

Heimildaskrá:

Aðalnámskrá leikskóla. 2023. Reykjavík: mennta og menningarmálaráðuneiti.

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna (e.d). Sótt 31. Janúar 2025 af <https://www.barnasattmali.is/>

Dewey, John. 2010. John Dewey í hugsun og verki *Menntun, reynsla og lýðræði*. Jóhanna Einarsdóttir Ólafur Páll Jónsson (Rítstj.), Samfæring mín um menntun. Gunnar Ragnarson (Þýð.). Reykjavík. Háskólaútgafa.

Edwards,C,Gandini,L og Forman, G. (1994). *The hundred languages og children: The Reggio Emilia approach to early childhood education*. New Jersey: Ablex Publishing Corporation

Helm, Judy Harris,Katz, Lilian (2001) Young Investigators. *The project approach inn the early years*. New York: Teachers College Press.

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, Emilía Lilja Rakelar Gilbertsdóttir og Sigríður Þórbjörnsdóttir. (2023). „Ég elska flæði, minna stress, minna um árekstra“: Innleiðing flæðis í leikskólastarf. *Netla – vefrit um uppeldi og menntun, ársrit (2023)*, sótt af. <https://netla.hi.is/greinar/2023/alm/15.pdf>

Judy Harris Helm, Lilian G. Katz. (2016). Young Investigators: The Project Approach in the Early Years. (3.útg.). Teachers College Press.

Lesið í leik- læsistefna leikskóla. (2013). Reykjavík. Skóla-frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Lög um leikskólanr.90/2008

Ritröð um grunnþætti menntunar 2013. Reykjavík: Mennta-menningarráðaneyti.